

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/46/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 305/13/COL frá 10. júlí 2013 um endurfjármögnun váttryggingafélagsins Sjóvár (Ísland) .....	1
2014/EES/46/02		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 4/2014/R&D .....	23
2014/EES/46/03		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 5/2014/R&D .....	24
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/46/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7288 – Viacom/Channel 5 Broadcasting) .....	25
2014/EES/46/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7291 – Versalis/Novamont) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	26
2014/EES/46/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7316 – Det Norske Oljeselskap/Marathon Oil Norge) .....	27
2014/EES/46/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7332 – BSkyB/Sky Deutschland/Sky Italia) .....	28
2014/EES/46/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7338 – OJI/INCJ/Rank Group Pulp, Paper & Packaging Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	29

<b>2014/EES/46/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7340 – Ferrero International/Oltan Group) . . . . .	30
<b>2014/EES/46/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7137 – EDF/Dalkia en France) . . . . .	31
<b>2014/EES/46/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7202 – Lenovo/Motorola Mobility) . . . . .	31
<b>2014/EES/46/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7261 – Goldman Sachs/Blackstone/Ipreo) . . . . .	32
<b>2014/EES/46/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7266 – D'Ieteren/Continental/JV) . . . . .	32
<b>2014/EES/46/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7290 – Apple/Beats) . . . . .	33
<b>2014/EES/46/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7295 – Parkwind/Aspiravi Offshore/Summit Renewable Energy Northwind/Northwind) . . . . .	33
<b>2014/EES/46/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7315 – Carlson/CWT) . . . . .	34
<b>2014/EES/46/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7320 – PAI Partners/DVD Participations) . . . . .	34
<b>2014/EES/46/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7321 – CVC Capital Partners/Vedici Groupe) . . . . .	35
<b>2014/EES/46/19</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við . . . . .	36
<b>2014/EES/46/20</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um lok á takmörkunarferli vegna fjögurra þalata samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglunum (REACH)) . . . . .	43

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÚTGÁFA ÁN TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

2014/EES/46/01

### ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

nr. 305/13/COL

frá 10. júlí 2013

### um endurfjármögnun váttryggingafélagsins Sjóvár

(Ísland)

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. og bókanar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókanar 3“), einkum 2. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 3. mgr. 7. gr. og 13. gr. II. hluta,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1. Málsmæðferð

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA barst um það vitneskja gegnum umfjöllun íslenskra fjölmiðla að íslenska ríkið hefði hlutast til um málefni váttryggingafélagsins Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) sumarið 2009. Stofnunin tók málið síðan upp á árlegum fundi sínum með stjórnvöldum á Íslandi um óafgreidd mál á sviði ríkisaðstoðar, sem haldinn var í Reykjavík 5. nóvember 2009. Á þeim fundi gáfu fulltrúar íslenskra stjórnvalda stutt yfirlit um aðdraganda og framvindu málsins. Aðgerðir ríkisins og allar aðstæður málsins einkenndust af ýmsum flóknum þáttum og Eftirlitsstofnun EFTA leitaði því eftir ítarlegum skriflegum upplýsingum frá stjórnvöldum á Íslandi.
- 2) Hinn 7. júní 2010 barst Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun (skjalnr. 559496) sem varðaði meinta ríkisaðstoð er veitt hefði verið þegar íslenska ríkið hlutaðist til um málefni Sjóvár.
- 3) Eftir að stofnunin hafði sent beiðnir um upplýsingar skriflega og samþykkt fyrirmæli þess efnis að veita skyldi upplýsingar um með hvaða hætti stjórnvöld hefðu hlutast til um málefni Sjóvár, en í kjölfar þess fylgdu nokkur bréfaskipti, var stjórnvöldum á Íslandi tilkynnt, í bréfi dagsettu 22. september 2010, að ákveðið hefði verið að hefja rannsókn á endurfjármögnun Sjóvár í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókanar 3.
- 4) Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 373/10/COL frá 22. september 2010 um að hefja formlega rannsókn (ákvörðunin um að hefja rannsókn) var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau <sup>(1)</sup>. Þeim, sem hagsmuna kynnu að eiga að gæta, var bent á að senda stofnuninni athugasemdir um efni ákvörðunarinnar.

(1) Ákvörðun nr. 373/10/COL frá 22. september 2010 um málefni sem varða ríkisaðstoð í tengslum við endurfjármögnun tryggingafélagsins Sjóvár á Íslandi, Stjtið. ESB C 341, 16.12.2010, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 69, 16.12.2010, bls. 2.

- 5) Eftirlitsstofnun EFTA bærust athugasemdir stjórnvalda á Íslandi og forsvarsmanna Sjóvár og Íslandsbanka í bréfi dagsettu 14. janúar 2011 (skjal nr. 583507). Athugasemdir bærust einnig frá tveimur keppinautum Sjóvár. Stofnunin framsendi stjórnvöldum á Íslandi þær athugasemdir í bréfi dagsettu 31. janúar 2011 (skjalnr. 584930) og kallaði eftir viðbrögðum þeirra. Svar barst í bréfi dagsettu 25. febrúar 2011 (skjal nr. 588606).
- 6) Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram fyrstu áætlun um endurskipulagningu Sjóvár 3. október 2011 (skjal nr. 610472), en sú áætlun var síðan uppfærð 13. apríl 2012 (skjal nr. 631003) og 28. maí 2013 (skjal nr. 673746), og sendu jafnframt viðbótarupplýsingar 6. mars 2013 (skjal nr. 665021). Tillögur um viðbótarskuldbindingar bærust 25. júní 2012 (skjal nr. 641330), 4. október 2012 (skjal nr. 648708), 3. maí 2013 (skjal nr. 671655), 28. maí 2013 (skjalnr. 673746) og 2. júlí 2013 (skjal nr. 677440).

## 2. Lýsing á málsatvikum

### 2.1 Aðdragandi

- 7) Árið 2005 keypti fjármálasamsteypan Moderna/Milestone Finance (Milestone) <sup>(2)</sup> 66,6% hlutfjár í Sjóvá af Glitni og eignaðist fyrirtækið síðan að fullu árið 2006. Afdrifarkasta ákvörðun stjórnenda Milestone í kjölfar þess var að breyta fjárfestingarstefnu Sjóvár og einbeita sér að mjög skuldsettri fasteignaupbyggingu erlendis. Þá var heimilað að gera skiptasamninga og veita hluthöfum lán án trygginga og þannig grafið undan fjárhagsstöðu Sjóvár. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu <sup>(3)</sup> Fjármálaeftirlitsins leiddu þessar fjárfestingar til mikilla fjárhagsörðugleika og fólu í sér brot gegn ákvæðum 2. mgr. 34. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
- 8) Frá októbermánuði 2008 til septembermánaðar 2009 var Sjóvá undir sérstakri handleiðslu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 90. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Eftir það tóku lánardrottnar Sjóvár við stjórnartaumunum og loks yfirtók Glitnir – sem var stærsti kröfuhafinn – félagið í marsmánuði 2009. Glitnir öðlaðist einnig yfirráð í Askar Capital, íslenskum fjárfestingabanka sem var áður í meirihlutaeigu Milestone, svo og dótturfélagi hans, Avant hf. (Avant), sem starfaði á sviði bílafjármögnunar.
- 9) Í aprílmánuði 2009 leituðu Glitnir og Íslandsbanki, sem var einnig í hópi helstu kröfuhafa Sjóvár, til íslenska ríkisins og óskuðu aðstoðar þess við endurfjármögnun og endurskipulagningu Sjóvár, enda hefðu allar tilraunir til þess að bjarga félaginu með fjármögnun á markaði verið til einskis.
- 10) Hinn 20. júní 2009 var undirritaður af hálfu Sjóvár annars vegar og Glitnis, Íslandsbanka og SAT eignarhaldsfélags hf. (eignarhaldsfélags sem var að fullu í eigu Glitnis) fyrir hönd SA trygginga hf. hins vegar sérstakur eignasölusamningur, en samkvæmt honum færðust allar eignir og skuldir Sjóvár, sem tengdust váttryggingastarfsemi félagsins, meðal annars váttryggingastofninn, til félagsins SA tryggingar hf. í samræmi við ákvæði 86. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Aðrar eignir Sjóvár voru færðar til SJ eignarhaldsfélags (SJE). Fyrirhugað var að leysa SJE upp í kjölfarið með venjulegri slitameðferð.
- 11) Að þessum viðskiptum afstöðnum var nýja félagið, SA tryggingar hf., endurnefnt Sjóvá. Samkvæmt samþykktum nýja félagsins, sem dagsettar eru 20. júní 2009, skyldu hluthafar þess (Glitnir, Íslandsbanki og SAT eignarhaldsfélag) leggja því til nýtt hlutafé að fjárhæð um 16 milljarðar kr. til þess að váttryggingastarfsemin gæti haldið áfram, með eftirfarandi hætti: <sup>(4)</sup>

<sup>(2)</sup> Moderna Finance AB var sænskt eignarhaldsfyrirtæki í eigu íslenska félagsins Milestone hf. Nánari upplýsingar um Sjóvá og Milestone og tengsl þeirra félaga við Glitni koma fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem er birt á slóðinni <http://rna.althingi.is> (íslensk útgáfa) og <http://sic.althingi.is> (útdráttur á ensku).

<sup>(3)</sup> Svar Fjármálaeftirlitsins um íhlutun ríkisins í tengslum við endurfjármögnun Sjóvár-Almennra trygginga hf., dagsett 23. nóvember 2010.

<sup>(4)</sup> Með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins, en það fékkst 22. september 2009.

Félag	Fjárhæð	Greiðsluform	Eignarhlutur
<b>Glitnir</b>	2,8 milljarðar kr.	Skuldabréf sem Avant gefur út með 3,75% álagi á REIBOR-vexti og tryggt er með eftirtöldum veðum: <ul style="list-style-type: none"> <li>• 4. veðrétti í eignasafni Avant (síðar breytt í 3. veðrétt jafnhliða skuldabréfi Askar Capital, sjá hér á eftir)</li> <li>• 1. veðrétti í kröfu Glitnis á hendur Milestone, sem svarar til 54,9% allra krafna í þrotabú Milestone</li> </ul>	17,67%
<b>Íslandsbanki</b>	1,5 milljarðar kr.	Ýmis skuldabréf 10 mismunandi fyrirtækja og sveitarfélaga	9,30%
<b>SAT eignarhaldsfélag</b>	11,6 milljarðar kr.	Skuldabréf Askar Capital svo og skuldabréf Landsvirkjunar sem ríkissjóður afhenti (sjá hér á eftir)	73,03%

- 12) Sama dag gerðu hluthafar Sjóvár einnig með sér samkomulag um að selja hluti sína í félaginu áður en 18 mánuðir væru liðnir. Afraksturinn skyldu hluthafarnir nota til þess að leysa aftur til sín eignirnar sem þeir höfðu lagt félaginu til sem hlutafé. Í samræmi við þetta var stofnað til opinbers söluferlis Sjóvár í ársbyrjun 2006 með það fyrir augum að sölu- og kaupsamningur yrði undirritaður í lok marsmánaðar 2010. Þessari tilraun til þess að selja félagið lauk þó í nóvembermánuði 2010 með því að hæstbjóðandi dró tilboð sitt til baka.
- 13) Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja rannsókn var lýst nánar atburðum, málsatvikum og sviptingum á vettvangi efnahagsmála og stjórn mála sem tengdust falli og endurreisn Sjóvár.

### 3. Lýsing á íhlutun ríkisins

#### 3.1 Fyrirtækið sem nýtur fyrirgreiðslu

- 14) Félagið Sjóvá var stofnað árið 1918 og hefur það allt frá þeim tíma verið eitt helsta fyrirtækið á íslenskum váttryggingamarkaði. Það þjónar bæði einstaklingum og fyrirtækjum, stórum sem smáum, og selur fjölbreyttar váttryggingar gegnum víðfeðmt þjónustunet sem nær um land allt. Sjóvá er eitt af þremur helstu váttryggingafélögum á Íslandi og býður viðskiptavinum sínum allar tegundir almennra váttrygginga og líftrygginga.
- 15) Sjóvá skiptir váttryggingum sínum í eftirtalda sex tryggingaflokka: fasteignir; ökutæki; slys og veikindi; útgerð, flug og flutninga; ábyrgð; líftryggingar. Félagið leggur þó meiri áherslu á viðtæka tryggingaþjónustu en sölu váttrygginga á einstökum sviðum.
- 16) Sjóvá starfrækir eitt dótturfélag, Sjóvá Líf. Samkvæmt 12. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, er félaginu óheimilt að reka líftryggingastarfsemi og frumtryggingastarfsemi af öðru tagi í sama félagi. Enda þótt Sjóvá Líf sé annar lögaðili en Sjóvá og rekstrar- og efnahagsreikningar félaganna aðskildir kaupir líftryggingafélagið af Sjóvá alla þjónustu vegna daglegs rekstrar svo og aðgang að tölvukerfum og stoðþjónustu, samkvæmt sérstökum samningi við það félag. Líftryggingar Sjóvár eru seldar sem einn þáttur í váttryggingaþjónustu félagsins.
- 17) Eins og þegar hefur komið fram starfar Sjóvá bæði á almennum váttryggingamarkaði á Íslandi og á líftryggingamarkaði. Á sviði almennra váttrygginga er markaðshlutur Sjóvár hér um bil 28% en markaðshlutur helstu keppinauta félagsins er hér um bil sem hér segir: Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS) 35%, Tryggingamiðstöðin hf. (TM) 26% og Vörður tryggingar hf. 11%. Á sviði líftrygginga er markaðshlutur hvers félags hér um bil sem hér segir: Sjóvá Líf 35%, Okkar (Arion banki) 27%, LÍS (í eigu VÍS) 24%, LM (í eigu TM) 10% og Vörður Líf 4% (°).

#### 3.2 Endurfjármögnun Sjóvár

- 18) Stjórnvöld á Íslandi gerðu tvenns konar ráðstafanir til þess að endurfjármagna Sjóvá. Þau tóku beinan þátt í fyrsta áfanga endurfjármögnunar félagsins árið 2009 með því að afhenda SAT eignarhaldsfélagi tvö skuldabréf (sjá 19.–22. mgr. hér á eftir) og inntu síðan af hendi árið 2010

(°) Markaðshlutur hvers félags er áætlaður á grundvelli samtölu iðgjaldatekna árið 2012. Fyrir fjármálakreppuna var markaðshlutur Sjóvár yfir 40% á sviði almennra váttrygginga.

enn frekara framlag að fjárhæð 683–739 milljónir til þess að treysta fjárhag Sjóvár (sjá 24. mgr. og 29.–31. mgr. hér á eftir).

- 19) Ríkisaðstoð í tengslum við fyrsta áfanga endurfjármögnunar Sjóvár byggðist á samningi dagsettum 8. júlí 2009 um kaup SAT eignarhaldsfélags á kröfum <sup>(6)</sup> í eigu ríkissjóðs („Samningur um kröfukaup“).
- 20) Þegar hér var komið var eiginfé Sjóvár neikvætt sem nam 13,5 milljörðum kr., en lögbundið var að eiginfé yrði að vera jákvætt um 2 milljarða kr. Til þess að fullnægja kröfum um lágmark eiginfjár varð því að leggja félaginu til nýtt eiginfé að fjárhæð að minnsta kosti 15,5 milljarða kr.
- 21) Samningur ríkisins og SAT eignarhaldsfélags varðar eftirtalin tvö skuldabréf sem voru í eigu ríkissjóðs og metin voru af hálfu óháðs sérfræðifyrirtækis 16. júní 2009:

Eign	Matsvirði	Lýsing og veð til tryggingar láni
Krafa á hendur Askar Capital	6 071 443 539 kr.	Visitölutryggður lánssamningur sem ber 3% vexti. Lánið hafði komist í eigu ríkisins þegar það tók við veðum Seðlabanka Íslands árið 2008. Veð til tryggingar láninu: <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3. veðréttur í eignasafni Avant (jafnhliða skuldabréfi sem Avant gaf út til Glitnis; var bókvirði eignasafnsins 26 milljarðar kr. og förgangsveð Landsbanka Íslands 16 milljarðar kr.) og</li> <li>• 1. veðréttur í visitölutryggðum skuldabréfum Landsvirkjunar að nafnvirði 4,7 milljarðar kr.</li> </ul>
Skuldabréf Landsvirkjunar	5 558 479 575 kr.	Útgefið árið 2005 með lokagjaldþaga árið 2020, nýtur ríkisábyrgðar, er visitölutryggt og ber 3% vexti. Skuldabréfið komst í eigu ríkisins þegar það var lagt að veði í tengslum við lánveitingar Seðlabanka Íslands til Landsbanka Íslands.

- 22) Kaupveðið var 11,6 milljarðar kr. og átti SAT eignarhaldsfélag að inna af hendi greiðslu fyrir skuldabréfin innan 18 mánaða, þ.e. fyrir árslok 2010, án þess að nokkrir vextir reiknuðust á því tímabili. Veðið, sem ríkið tók til tryggingar greiðslu fyrir skuldabréfin, var 1. veðréttur í hlutfjáreign SAT eignarhaldsfélags í Sjóvá.
- 23) Í samningnum var kveðið á um að kaupveðið mætti greiða með því að afhenda ríkissjóði upphaflegan 73,03% eignarhlut SAT eignarhaldsfélags í Sjóvá, og að litið yrði á það sem fullnaðargreiðslu. SAT eignarhaldsfélag gat nýtt sér þennan valrétt án þess að leita samþykkis ríkisins.
- 24) Við þetta bættist að áður en SA tryggingar hf. (sem síðar fengu nafnið Sjóvá) voru stofnaðar 20. júní 2009 féllst íslenska ríkið á að veð Glitnis í skuldabréfi Avant yrði fært af 4. veðrétti yfir á 3. veðrétt og stæði þar samhliða veði ríkisins sjálfs í eignasafni Avant. Þetta var talið forsenda þess að Fjármálaeftirlitið gæti samþykkt framlag Glitnis til styrktar eiginfé Sjóvár. Á móti afhenti Glitnir ríkissjóði 12,5% krafna sinna á hendur SJE, sem fór með fjárfestingasafnið sem Sjóvá hafði byggt upp.

### 3.2.1 Glitnir selur dótturfélagi sínu SAT eignarhaldsfélag eignarhlut sinn í Sjóvá

- 25) Fjármálaeftirlitið úrskurðaði að þar eð Glitnir hefði fengið greiðslustöðvun og slitameðferð væri hafin væri félagið ekki hæft til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá. Í kjölfarið seldi Glitnir SAT eignarhaldsfélagi 17,67% eignarhlut sinn í Sjóvá og áttu þau viðskipti sér stað 16. september 2009. Að viðskiptunum afstöðnum voru hluthafar í Sjóvá sem hér segir:

Félag	Eignarhlutur (%)
Íslandsbanki	9,30%
SAT eignarhaldsfélag	90,70%

<sup>(6)</sup> Kröfurnar, sem fluttust í hendur SAT eignarhaldsfélags, eru nefndar skuldabréf í þessari ákvörðun.

- 26) Hinn 22. september 2009 veitti Fjármálaeftirlitið Sjóvá loks starfsleyfi sem váttryggingafélagi og aflétti þeirri sérstöku handleiðslu sem félagið hafði notið af hálfu eftirlitsins frá októbermánuði 2008. Yfirfærsla stofnsins átti sér stað 1. október 2009 (7).

### 3.2.2 Ríkið verður stærsti hluthafi Sjóvár við það að SAT eignarhaldsfélag nýttir sér valrétt

- 27) Við lok ársins 2009 var umsýsla krafna í eigu fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands sameinuð og falin nýrri stofnun, Eignasafni Seðlabanka Íslands (ESÍ). Frá þeim tíma var umsýsla krafna á hendur SAT eignarhaldsfélagi í höndum ESÍ – sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins.
- 28) Hinn 3. maí 2010 nýtti SAT eignarhaldsfélag sér rétt sinn til að afhenda ríkissjóði 73,03% eignarhlut sinn í Sjóvá í stað þess að greiða upp skuldina. Að því loknu voru hluthafar í Sjóvá sem hér segir:

Félag	Eignarhlutur (%)
Íslandsbanki	9,30%
SAT eignarhaldsfélag	17,67%
ESÍ (ríkissjóður)	73,03%

- 29) Hinn 16. júní 2010 féll sá dómur í Hæstarétti að ólögmaett hefði verið að veita lán í íslenskum krónum með tengingu við gengiskörfu. Þetta rýrði virði þeirra skuldabréfa Avant og Askar Capital sem notuð höfðu verið við endurfjármögnun Sjóvár. Til þess að viðhalda eiginfé Sjóvár var undirritaður hinn 28. júlí 2010 samningur milli Sjóvár annars vegar og SAT eignarhaldsfélags, ESÍ og Íslandsbanka hins vegar um kaup á eignum. Inntak þess samnings var i) að SAT eignarhaldsfélag skyldi kaupa skuldabréf Avant og greiða fyrir það 2,1 milljarð kr. (en Sjóvá skyldi taka á sig mismuninn á þeirri fjárhæð og upprunalega verðmatinu, sem var 2,8 milljarðar kr.) og ii) að ESÍ skyldi afhenda Sjóvá skuldabréf Landsvirkjunar sem notað hafði verið sem veð til tryggingar skuldabréfi Askar Capital.
- 30) ESÍ keypti síðan skuldabréf Avant af SAT eignarhaldsfélagi og greiddi fyrir það 880 milljónir kr. Nafnverð skuldabréfsins var 2.813 milljónir kr. en óvíst var um virði þess þar eð eigendur skuldabréfa Avant gerðu ekki ráð fyrir að endurheimta nema 5–7% af andvirði þeirra eftir að fyrirtækið hefði verið leyst upp. Það svaraði til þess að virði skuldabréfsins, sem ESÍ keypti, væri 141–197 milljónir kr. ESÍ reiddi þannig af hendi viðbótarframlag að fjárhæð 683–739 milljónir kr. til þess að styrkja fjárhag Sjóvár.
- 31) Í desembermánuði 2010 samþykktu kröfuhafar Avant nauðasamning við fyrirtækið. Á þeim tíma var áætlað verðmæti eignasafns Avant 13 milljarðar kr. Kröfur í eignasafnið á fyrsta veðrétti námu hér um bil 15 milljörðum kr. Sameiginlegt veð Glitnis og ESÍ í eignasafninu á þriðja veðrétti var því einskis virði.

### 3.2.3 Sala til SF1

- 32) Hinn 18. janúar 2011 samdist um að SF1 slhf. (SF1), sjóður í umsjá Stefnis hf., skyldi kaupa 52,4% hlut í Sjóvá af ESÍ fyrir 4,9 milljarða kr. Að fengnu samþykki eftirlitsyfyrvalda var gengið frá þessum viðskiptum 1. júlí 2011.
- 33) Að auki öðlaðist SF1 kauprétt á eftirstandandi 20,63% hlut í eigu ESÍ fyrir 2,4 milljarða kr. Félagið nýtti sér þann kauprétt í júlímánuði 2012.
- 34) Eftir þau viðskipti er skipting eignarhluta í Sjóvá sem hér segir:

Félag	Eignarhlutur (%)
Íslandsbanki	9,30%
SAT eignarhaldsfélag	17,67%
SF1	73,03%

(7) Samtímis birti Fjármálaeftirlitið opinbera tilkynningu til allra váttryggingataka, í samræmi við 86. og 87. gr. þágildandi laga um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, til þess að minna þá á að segja mætti upp váttryggingasamningum við félagið, óháð endumýjunardegi, enda væri uppsögn tilkynnt innan mánaðar.

- 35) Stjórnvöld á Íslandi fengu þannig greidda alls 7,3 milljarða kr. fyrir eignarhlut sinn í Sjóvá. Þá fjárhæð verður að bera saman við upphaflegt andvirði skuldabréfanna sem íslenska ríkið notaði sem framlag sitt til endurfjármögnunar Sjóvá, eða 11,6 milljarða kr.

#### 4. Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

- 36) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðun sinni um að hefja rannsókn að í framlagi íslenska ríkisins til endurfjármögnunar Sjóvá væri fólgin ríkisaðstoð í þeirri merkingu sem hugtakið hefur í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stofnunin taldi jafnframt vafa leika á að þessar ráðstafanir gætu talist samrýmanlegar EES-samningnum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins og með hliðsjón af áskilnaði samkvæmt leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um fjármálakreppuna.
- 37) Nánar tiltekið tók stofnunin fram að stjórnvöld á Íslandi hefðu ekki lagt fram gögn því til staðfestingar að kerfisáhrif vegna gjaldþrots Sjóvá hefðu getað orðið svo viðtæk að þau jafngiltu „alvarlegri röskun“ á íslensku efnahagslífi í þeirri merkingu sem hugtakið hefur í stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þá var tekið fram að fremur litlar upplýsingar hefðu borist um starfsemi Sjóvá, orsakir erfiðleika í rekstri félagsins og endurskipulagninguna sjálfa. Fyrirliggjandi upplýsingar nægðu ekki til þess að Eftirlitsstofnun EFTA gæti metið ráðstöfunina með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. og þó einkum ákvæða kaflans um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð (leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu) í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð<sup>(8)</sup>.

#### 5. Athugasemdir annarra sem hagsmuna áttu að gæta

- 38) Eftirlitsstofnun EFTA bárust athugasemdir neðangreindra haghafa.

##### 5.1 Umsagnir Sjóvá og Íslandsbanka

- 39) Eftirlitsstofnun EFTA bárust athugasemdir frá fyrirtækinu sem naut aðstoðarinnar, svo og einum hluthafa þess, Íslandsbanka.
- 40) Gögnin, sem bárust frá Sjóvá, lúta aðallega að þeim ráðstöfunum á sviði endurskipulagningar sem nýir stjórnendur félagsins hafa gert, auk fjárhagsupplýsinga úr rekstri þess.
- 41) Í umsögn Íslandsbanka er rökstutt að íslenska ríkið hafi komið fram eins og einkafjárfestir í markaðshagkerfi í tengslum við endurfjármögnun Sjóvá. Því er haldið fram að verði það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ríkisaðstoð hafi verið fólgin í viðskiptunum beri að telja aðstoðina samrýmanlega EES-samningnum með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins. Í umsögninni er lögð sérstök áhersla á að ráðstafanirnar hafi verið mikilvægar fyrir fjármálamarkaðinn á Íslandi, að einkaaðilar (Glitnir og Íslandsbanki) hafi lagt sitt af mörkum til endurfjármögnunarinnar og að endurskipulagning Sjóvá hafi gengið að óskum fram til þessa.

##### 5.2 Umsagnir keppinauta

- 42) Athugasemdir bárust einnig frá VÍS og TM. Bæði fyrirtækin eru íslensk váttryggingafélög og eiga í beinni samkeppni við Sjóvá.
- 43) Í umsögn VÍS er rökstutt að íhlutun ríkisins í því skyni að gera kleift að endurfjármagna Sjóvá verði að teljast ríkisaðstoð. Helsta ábendingin er að markaðsfjárfestareglan geti ekki átt við um þessa íhlutun þegar lítið er til þess hvaða efnahagsaðstæður Sjóvá, og íslenskum fyrirtækjum almennt, voru búnar á þessum tíma, svo og vegna þess með hvaða skilmálum íhlutunin átti sér stað. Enginn einkafjárfestir hefði tekið þátt í endurfjármögnun félagsins við þessar aðstæður. Þá rökstyðja forsvarsmenn VÍS að ekki beri að lýsa aðstoðina samrýmanlega EES-samningnum. Einkum geti ákvæði stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ekki átt við vegna þess að þótt til gjaldþrots Sjóvá hefði komið hefði það ekki valdið alvarlegri röskun í íslensku hagkerfi. Aðstoðin hafi því ekki verið nauðsynleg. Forsvarsmenn VÍS segjast telja að hvað sem öðru líði fullnægi aðstoðin ekki ákvæðum leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu, og sé það bæði

<sup>(8)</sup> Birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

vegna þess að engin áætlun um endurskipulagningu liggja fyrir og vegna þess að aðstoðin muni hafa samkeppnisraskandi áhrif, meðal annars sé hætt við að Sjóvá taki upp óvægna verðstefnu.

- 44) Í umsögn TM er bent á að ekki hafi verið miðað við markaðskjör þegar stjórnvöld hlutuðust til um endurfjármögnun Sjóvár og því beri að líta á þá ráðstöfun sem ríkisaðstoð. Með tilliti til þess hvort ráðstöfunin geti talist samrýmanleg EES-samningnum er það afstaða stjórnenda TM að í málinu, sem hér er til umfjöllunar, verði hvorki beitt undanþágum samkvæmt stafl. b) né stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Með tilliti til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins líta þeir svo á að það ákvæði verði að túlka þröngt og að það geti ekki nýst til lausnar á vanda einstakra fyrirtækja. Þá taka þeir fram að váttryggingafélag geti ekki talist kerfislega mikilvægt og því megi að skaðlausu taka það til slitameðferðar samkvæmt ákvæðum gildandi regluverks. Rökstutt er að hvað sem öðru líði hafi aðstoðin við Sjóvá hvorki verið nauðsynleg, markviss né í samræmi við sjónarmið um meðalhóf. Þá hafi ekki verið lögð fram áætlun um endurskipulagningu sem feli í sér fullnægjandi dreifingu útgjaldabyrða og ráðstafanir til þess að sporna við samkeppnisröskun, einkum með tilliti til verðstefnu Sjóvár.

## 6. Athugasemdir stjórnvalda

- 45) Stjórnvöld á Íslandi mótmæla ekki bráðabirgðaniðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA þess efnis að í framlagi íslenska ríkisins til fjármögnunar Sjóvár sé fölgin ríkisaðstoð í þeirri merkingu sem hugtakið hefur í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Hér vegur þyngst að þau draga ekki í efa þann þátt bráðabirgðaniðurstöðunnar að markaðsfjárfestareglan eigi ekki við. Íslensk stjórnvöld mæla ekki heldur á móti því að sú ákvörðun að láta ESI kaupa aftur Avant-skuldabréfið – fyrir milligöngu SAT eignarhaldsfélags – kunni að hafa falið í sér ríkisaðstoð til handa Sjóvá.
- 46) Stjórnvöld á Íslandi telja þó að ríkisaðstoðin geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. þess samnings, enda hafi verið nauðsynlegt að hlutast til um málið til þess að ráða bót á alvarlegri röskun í efnahagslífi aðildarríkis EES-samningsins. Þau vísa til þeirra erfiðu efnahagsaðstæðna sem Íslendingar hafi búið við á þeim tíma sem ráðstöfunin var ákveðin. Eftir mikið gengisfall íslensku krónunnar, sem hófst í septembermánuði 2008, og fall allra þriggja stærstu bankanna í októbermánuði sama árs hafi steðjað að versta efnahagskreppa síðari áratuga. Ríkisstjórn Íslands hafi orðið að taka djarfar ákvarðanir til þess að forða fjármálakerfi landsins frá því að brotna algerlega saman, en slíkt hefði haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í þjóðfélaginu. Um það leyti sem ráðstöfunin var ákveðin hafi ríkt upplausn í íslensku fjármálakerfi og fjármálafyrirtæki landsins búið við almennt vantraust.
- 47) Sjóvá, eitt þriggja helstu váttryggingafélaga á Íslandi, sé kerfislega mikilvægt fjármálakerfi landsins. Gjaldþrot félagsins hefði ekki aðeins leitt til þess að stór hluti þjóðarinnar missti tryggingavernd sína og fengi tjón ekki bætt, við aðstæður sem þegar einkenndust af alvarlegum félagslegum vanda, heldur hefði það einnig grafið undan trausti á stofnunum fjármálakerfisins og gert það að verkum að fjármálakreppan teygði sig til váttryggingamarkaðarins. Tiltrú almennings á íslenska váttryggingamarkaðnum hafi þegar minnkað mikið í upphafi ársins 2009, enda hafi kröfuhafar viðkomandi móðurfélaga ekki aðeins yfirtekið Sjóvá heldur einnig eigendur hinna tveggja stóru váttryggingafélaganna. Gjaldþrot Sjóvár hefði því að öllum líkindum leitt til þess að fjármálakreppan breiddist frá bankastofnunum yfir til váttryggingafélaganna.
- 48) Fjármálaeftirlitið tekur undir þessa greiningu og bendir á að gjaldþrot Sjóvár hefði haft alvarlegar afleiðingar í hagkerfi landsins. Mjög hafi dregið úr tiltrú á fjármálamarkaðnum og efnahagslífinu í heild við fall íslensku bankanna í októbermánuði 2008. Fyrirtækin, sem enn hafi verið starfandi, hafi búið við ótrygga stöðu og svipað megi segja um traust á fjármálafyrirtækjum. Áframhaldandi rekstur Sjóvár hafi verið mikilvægur fyrir starfsemi á íslenskum fjármálamörkuðum. Gjaldþrot félagsins hefði valdið smitáhrifum á almennum váttryggingamarkaði og líftryggingamarkaði og hamlað því uppbyggingarstarfi á fjármálamörkuðum sem nú er unnið á vegum íslenskra stjórnvalda.
- 49) Að því er varðar nauðsynlegt umfang endurskipulagningarinnar rökstyðja íslensk stjórnvöld að Eftirlitsstofnun EFTA beri að líta til þess að fjárhagsörðugleika Sjóvár megi rekja að öllu leyti til óeðlilegrar fjárfestingarstarfsemi félagsins og viðskipta við fyrrverandi móðurfélag, Milestone. Rými hafi skapast til slíkra athafna vegna óvandaðrar áhættustýringar og slæmra stjórnarháttá. Þær tengist á engan hátt daglegri váttryggingastarfsemi Sjóvár eins og hún sé stunduð á vegum

félagsins nú. Rekstrarhæfi váttryggingastarfsemi Sjóvár megi ekki aðeins leiða af fjárhagsspánni sem sé að finna í endurskipulagningaráætluninni, heldur hafi Fjármálaeftirlitið einnig staðfest það. Vilji utanaðkomandi einkafjárfestis til að kaupa meiri hluta í fyrirtækinu af ríkinu sé einnig sönnun þess að markaðsaðilar telji Sjóvá rekstrarhæft félag. Þá hafi viðskiptin orðið til þess að stærstur hluti aðstoðarinnar endurheimtist.

- 50) Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að fyrirverandi eigendur Sjóvár hafi tapað öllum þeim fjármunum sem þeir höfðu lagt í félagið og að bæði Glitnir og Íslandsbanki hafi tekið þátt í endurfjármögnun þess. Sjóvá vinni jafnframt að endurskipulagningunni með því að draga úr útgjöldum og styrkja eiginfjárstöðu sína með óráðstöfuðum hagnaði. Bæði hluthafar Sjóvár og félagið sjálft taki því á sig verulegan hluta útgjaldabyrðanna.
- 51) Að því er varðar þörfina á mótvægisáðgerðum rökstyðja stjórnvöld á Íslandi að ekki þurfi að koma til frekari breytinga á starfsskipulagi Sjóvár með vísan til þess að efnahagsreikningur félagsins hafi þegar minnkað um ein 70% með endurskipulagningunni og rekstrarhæfi þess væri hættu búin ef það seldi frá sér hluta kjarnastarfseminnar. Stjórnvöld benda einnig á að Sjóvá teljist til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og það dragi enn úr þörfinni á mótvægisáðgerðum. Loks rökstyðja þau að með þeim skuldbindingum sem lagðar hafa verið til, og snúa bæði að háttsemi Sjóvár og breytingum á gildandi regluverki, hafi verið gripið til viðeigandi ráðstafana til að haml gegn samkeppnisröskun.
- 52) Stjórnvöld svara umsögnum frá VÍS og TM fyrst og fremst með því að vísa til fyrri athugasemda sinna og leggja fram ítarlegri efnahagsupplýsingar.

## 7. Áætlun um endurskipulagningu

- 53) Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram fyrstu áætlun um endurskipulagningu Sjóvár 3. október 2011. Sú áætlun var síðan uppfærð 13. apríl 2012 og 28. maí 2013.
- 54) Efnislegir þættir endurskipulagningaráætlunarinnar varða rekstrarhæfi, dreifingu útgjaldabyrða og leiðir til að sporna við samkeppnisröskun. Samkvæmt áætluninni hyggjast stjórnendur Sjóvár minnka áhættustöðu fjárfestingasafns félagsins, bæta verklag í tengslum við fjárfestingar og áhættustýringu, efla stjórnarhætti og auka arðsemi.

### 7.1 Fjárhagsspá

- 55) Auk ítarlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu Sjóvár hafa stjórnvöld á Íslandi lagt fram spá um þróun hennar til ársins 2016, þ.e. annars vegar spá sem miðast við grunnaðstæður og hins vegar þrjár mismunandi spár sem miðast við álagsaðstæður. Enda þótt endurskipulagningartímanum ljúki í árslok 2014 hafa stjórnvöld þessu til viðbótar lagt fram fjárhagsspá fyrir árin 2015 og 2016. Þau gögn nýtast Eftirlitsstofnun EFTA einkum við mat á álagsspánum, enda eru forsendur þeirra að íslenskur markaður verði fyrir tilteknum áföllum sem hefðu afleiðingar lengra fram í tímann en til loka endurskipulagningartímans.
- 56) Allar spárnar fjórar voru byggðar á tilteknum forsendum um þróun mála árin 2013–2016 að því er varðaði vöxt vergrar landsframleiðslu, verðbólgu, breytingar á markaðshlutum, ávöxtun verðtryggðra ríkisbréfa, ávöxtun reiðufjár, áhættuálag hlutabréfa og vægi þeirra í eignasafni svo og hlutföllin tjónakröfur/iðgjöld og kostnaður/iðgjöld í rekstri Sjóvár.

#### 7.1.1 Grunnspá

- 57) Fjárhagsspá grunnspárinnar var byggð á fimm ára spá Hagstofu Íslands um vöxt landsframleiðslu og verðbólgu, sem birt var 30. mars 2012, og uppfærð 28. maí 2013 í samræmi við raunverulega afkomu Sjóvár og rauntölur sem sýndu stöðu íslenska hagkerfisins á árinu 2012. Helstu forsendur grunnspárinnar eru að nokkur hagvöxtur verði, verðbólga fari minnkandi og vextir haldist lítt breyttir, svo og að markaðshlutur Sjóvár á hverju sviði haldist óbreyttur.

**Grunnspá: forsendur**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagvöxtur	1,6%	2,5%	2,8%	2,8%	2,7%
Verðbólga	4,2%	3,4%	2,5%	2,5%	2,5%
Markaðshluttur Sjóvár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vísitölutryggð ríkisbréf	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Raunávöxtun fjármuna	1%	1%	1%	1%	1%
Áhættuálag hlutabréfa	5%	5%	5%	5%	5%
Vægi hlutabréfa í eignasafni	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tjónakröfur/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

- 58) Áætluð niðurstaða rekstrarreiknings og efnahagsreiknings samkvæmt grunnspánni kemur fram í töflunni hér á eftir.

**Grunnspá: rekstrarreikningur (í milljónum kr.)**

	2012	2013	2014	2015	2016
Iðgjaldtekjur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tjónakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðrir tekjuliðir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Rekstrargjöld	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Fjármunatekjur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Hagnaður fyrir skatta og afskriftir</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Niðurfærsla viðskiptavildar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tekjuskattur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Hagnaður</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

**Grunnspá: efnahagsreikningur (í milljónum kr.)**

	2012	2013	2014	2015	2016
<b>Eignir:</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Rekstrarfjármunir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Viðskiptavild	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðrar óefnislegar eignir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Skatteign	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Verðbréf	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Endurtryggingaeignir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Viðskiptakröfur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Handbært fé	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Eignir samtals</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Eiginfé:</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Eiginfé í ársbyrjun	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Hagnaður ársins	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Arðgreiðslur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Eiginfé samtals</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

<b>Skuldir:</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vátryggingaskuld	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Líftryggingaskuld	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Viðskiptaskuldir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Heildarskuldir</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Eiginfé og skuldir</b>	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

59) Helstu kennitölur samkvæmt grunnspánni koma fram í töflunni hér á eftir:

**Grunnspá: helstu kennitölur**

	2012	2013	2014	2015	2016
Leiðrétt gjaldþolshlutfall	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Arðsemi eiginfjár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

60) Samkvæmt grunnspánni er áætlað að arðsemi eiginfjár Sjóvár verði hér um bil [...] % við lok endurskipulagningartímans.

7.1.2 *Spá sem miðast við álagsaðstæður: „Tvöföld efnahagsdýfa“*

61) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram hermílikan sem miðast við álagsaðstæður af völdum „tvöfaldrar efnahagsdýfu“. Forsendur þess eru að þróun vergrar landsframleiðslu einkennist af nýjum efnahagssamdrætti og aukinni verðbólgu árin 2013–2016. Þá er gert ráð fyrir því viðbótarálagi að vextir haldist óbreyttir og áhættuálag hlutabréfa verði neikvætt. Í þessari spá um „tvöfalda efnahagsdýfu“ er því líkt eftir alvarlegum efnahagssamdrætti að viðbættum enn frekari álagsþáttum.

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Tvöföld efnahagsdýfa“: forsendur**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagvöxtur	1,6%	1,2%	-6,6%	-4,0%	2,6%
Verðbólga	4,2%	12,4%	12,0%	5,4%	4,0%
Markaðshlutfur Sjóvár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vísitölutryggð ríkisbréf	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Raunávöxtun fjármuna	1%	1%	1%	1%	1%
Áhættuálag hlutabréfa	5%	5%	-70%	-7,9%	5%
Vægi hlutabréfa í eignasafni	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tjónakröfur/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Tvöföld efnahagsdýfa“: fjárhagskennitölur (í milljónum kr. nema annað sé tekið fram)**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Hagnaður samtals	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leiðrétt gjaldþolshlutfall	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Arðsemi eiginfjár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

7.1.3 *Spá sem miðast við álagsaðstæður: „Fjármagnshöft“*

62) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram hermílikan sem miðast við álagsaðstæður af völdum „fjármagnshafta“. Í þeirri álagsþrófun er gert ráð fyrir að fjármagnshöftum verði aflétt á Íslandi árið 2014. Afleiðingin verði sú að gengi krónunnar falli niður í núverandi afgangi, en það er

um 30% lægra en opinbera gengið, og verðbólga aukist í kjölfar þess. Meiri verðbólga leiði síðan til aukinna tjónaútgjalda. Gert er ráð fyrir að raunvextir hækki í 6,5% og áhættuálag hlutabréfa verði –50% vegna fjármagnsflotta.

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Fjármagnshöft“: forsendur**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagvöxtur	1,6%	2,5%	2,8%	2,8%	2,7%
Verðbólga	4,2%	3,4%	2,5%	10,5%	5%
Markaðshlutfur Sjóvár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vísitölutryggð ríkisbréf	2,5%	2,5%	6,5%	6,5%	6,5%
Raunávöxtun fjármuna	1%	1%	1%	1%	1%
Áhættuálag hlutabréfa	5%	5%	–50%	5%	5%
Vægi hlutabréfa í eignasafni	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tjónakröfur/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Fjármagnshöft“:  
fjárhagskennitölur (í milljónum kr. nema annað sé tekið fram)**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Hagnaður samtals	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leiðrétt gjaldþolshlutfall	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Arðsemi eiginfjár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

7.1.4 Spá sem miðast við álagsaðstæður: „Vetrarkuldi II“

- 63) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram hermilíkan sem miðast við álagsaðstæður af völdum „vetrarkulda II“. Í þeirri álagsspá er vikið frá grunnspánni með því að gera ráð fyrir tveimur óvenjulega köldum vetrum. Afleiðingin verði umtalsverð aukning tjóna (einkum vegna umferðaróhappa) sem eru tiltölulega lítil og falla því ekki undir endurtryggingu. Gert er ráð fyrir að tjónaútgjöld svari til 100% iðgjaldtekna.

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Vetrarkuldi II“: forsendur**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagvöxtur	1,6%	2,5%	2,8%	2,8%	2,7%
Verðbólga	4,2%	3,4%	2,5%	2,5%	2,5%
Markaðshlutfur Sjóvár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vísitölutryggð ríkisbréf	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Raunávöxtun fjármuna	1%	1%	1%	1%	1%
Áhættuálag hlutabréfa	5%	5%	5%	5%	5%
Vægi hlutabréfa í eignasafni	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tjónakröfur/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður/iðgjöld að fráðregnum endurtryggingakostnaði	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

**Spá sem miðast við álagsaðstæður – „Vetrarkuldi II“:  
fjárhagskennitölur (í milljónum kr. nema annað sé tekið fram)**

	2012	2013	2014	2015	2016
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Hagnaður samtals	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leiðrétt gjaldþolshlutfall	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Arðsemi eiginfjár	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

7.1.5 *Spár sem miðast við álagsaðstæður: niðurstaða*

- 64) Samkvæmt öllum þremur álagsspánum myndi gjaldþolshlutfallið haldast hátt allan endurskipulagningartímam og hagnaður verða af rekstri Sjóvá að frátöldum einstökum áföllum sum árin. Áætlanir fyrir árin 2015 og 2016 sýna reyndar að rekstur Sjóvá yrði fljótt arðbær á ný jafnvel við slíkar aðstæður.

7.2 *Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar voru til endurskipulagningar*

- 65) Endurskipulagning Sjóvá byggist á ýmsum ráðstöfunum er snúa að starfsskipulagi fyrirtækisins og starfseminni sem það hyggst stunda, eins og lýst er hér á eftir.

7.2.1 *Skilið milli váttryggingastarfseminnar og vinnu við að vinda ofan af eignasafni*

- 66) Eins og þegar hefur verið nefnt stafaði fjárhagsvandi Sjóvá fyrst og fremst af fjárfestingar-ákvörðunum fyrrverandi móðurfélags fyrirtækisins, Milestone, og lánveitingum milli aðila innan þeirrar samsteypu. Sjóvá lenti af þessum sökum í miklum erfiðleikum í tengslum við fjárfestingasafn fyrirtækisins. Þegar félagið gekkst undir endurskipulagningu var því óhjákvæmilegt að flytja váttryggingastarfsemina í nýtt félag (sem síðar fékk á ný nafnið Sjóvá), en það var gert árið 2009, og vinda ofan af fjárfestingasafninu.

7.2.2 *Breytingar á stjórnarháttum og tilhögun eftirlits*

- 67) Ný lög um váttryggingastarfsemi öðluðust gildi árið 2010. Með þeim voru hertar þær reglur sem gilda um stjórnarhætti og aðra tilhögun innra eftirlits í váttryggingafélögum.

- 68) Breytingarnar, sem hér skipta máli, eru þessar:

- Stjórnarmenn í váttryggingafélagi mega ekki eiga sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá þessari reglu þegar um dótturfélög er að ræða.
- Framkvæmdastjórum (forstjórum) og stjórnarmönnum er gert að gangast undir próf sem Fjármálaeftirlitið heldur til þess að meta hæfi þeirra og þekkingu. Standist tilteknir einstaklingar ekki þetta hæfismat getur Fjármálaeftirlitið synjað um samþykki fyrir því að þeir gegni starfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) váttryggingafélags.
- Stjórn váttryggingafélags ber að setja sér starfsreglur og setja jafnframt reglur um innra eftirlit, reglur um innri endurskoðun, reglur um fjárfestingarstarfsemi og verklag í því samhengi, reglur um lánveitingar hvers konar og verklag í því samhengi svo og reglur um viðskipti við tengda aðila og verklag í því samhengi.
- Stjórninni ber að setja reglur um viðskipti sem eiga sér stað með fjárgerninga fyrir hönd félagsins sjálfs eða á vegum stjórnarmanna þess, framkvæmdastjóra (forstjóra) og mikilvægustu starfsmanna í eigin nafni.
- Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvers kyns kaupaukakerfi sem er hluti af launagreiðslum váttryggingafélaga.
- Stjórn félagsins ber að setja sérstakar bindandi sérreglur um verklag við fjárfestingar og tilhögun fjárfestingarstarfsemi hyggist félagið festa fjármuni í fjárgerningum sem eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði.

- Stjórn félagsins ber að setja bindandi reglur um fasteignir sem keyptar eru í fjárfestingarskyni en ekki til eigin nota félagsins.
  - Allar innri reglur, sem kveðið er á um, sbr. ofangreint, verður að bera undir Fjármálaeftirlitið og leita staðfestingar þess.
- 69) Sjóvá hefur gert viðeigandi breytingar samkvæmt nýju löggjöfni. Í samræmi við þessar nýju lagakvaðir hefur stjórn félagsins sett nýjar reglur um fjárfestingar á þess vegum og verður Fjármálaeftirlitið að staðfesta allar breytingar sem verða á reglunum. Stjórn Sjóvá setti og undirritaði reglur um stjórnarhætti félagsins 4. apríl 2011 og sendi Fjármálaeftirlitinu. Þá hefur forstjóri félagsins sett og undirritað reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru að því er varðar hæfi mikilvægustu starfsmanna.
- 70) Þessu til viðbótar var nýtt áhættustýringar- og greiningarsvið stofnað innan Sjóvá í aprílmánuði 2010. Sviðið heyrir beint undir forstjóra og starfar undir forystu tryggingastærðfræðings, en aðrir starfsmenn eru sex talsins. Sviðið hefur það hlutverk
- að hafa umsjón með setningu og framfylgd reglna um tilhögun áhættustýringar í báðum rekstrardeildum Sjóvá, líftryggingum og almennum váttryggingum, í samræmi við lagaákvæði og varfærnisþjónarmið,
  - að greina afleiðingar váttryggingasamninga í öllum tryggingaflokkum Sjóvá,
  - að taka saman skýrslur og leggja til breytingar á gjaldskrá iðgjalda,
  - að bera ábyrgð á að gjaldskrá iðgjalda sé rétt í öllum tryggingaflokkum,
  - að framfylgja öllum reglum Sjóvá um verklag í tengslum við áhættustýringu,
  - að meta váttryggingaskuld félagsins með reglulegu millibili og sjá til þess að rétt sé staðið að útreikningi á þeim fjármunum sem tiltækir þurfa að vera til að mæta tjónakröfum,
  - að framkvæma álagsprófanir og eigið áhættu- og gjaldþolsmat (*Own Risk and Solvency Assessment, ORSA*),
  - að bera ábyrgð á innleiðingu Solvency II-reglnanna og framfylgd krafna samkvæmt þeim hjá Sjóvá,
  - að gefa forstjóra og stjórn reglulega skýrslu um hvers kyns atriði sem lúta að áhættustýringu og
  - að eiga samskipti við Fjármálaeftirlitið og senda því skýrslur um hvers kyns atriði sem varða áhættustýringu og afkomu váttryggingastarfsemi ásamt lögboðinni skýrslugjöf.
- 71) Loks hefur stjórnin sett á fót nefnd til að annast innri endurskoðun í samræmi við lögboðnar kröfur.
- 7.2.3 *Aðrar ráðstafanir til þess að tryggja rekstrarhæfi*
- 72) Sjóvá hefur gert ráðstafanir til þess að auka framlegð í váttryggingastarfsemi sinni og draga úr útgjöldum. Meðal annars hafa laun verið lækkuð, kostnaður við markaðssetningu og annar rekstrarkostnaður skorinn niður og strangar reglur settar um tilboðsgerð til váttryggingataka. Þá hefur kaupaukakerfi fyrir starfsmenn verið lagt niður. Loks hefur endurtryggingastarfsemi Sjóvá lagst af, en á þeim vettvangi hafði fyrirtækið komið sér upp alþjóðlegu safni váttryggingaáhættu.
- 73) Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar einkum með það að markmiði að tryggja að samsett kostnaðarhlutfall sé undir 100%, þ.e. að váttryggingastarfsemin sé arðbær ein og sér og því sé engin þörf á að taka óeðlilega áhættu á sviði fjárfestinga. Ráðstafanirnar hafa gert Sjóvá kleift að lækka samsett kostnaðarhlutfall sitt úr 114,4% árið 2005 í 95,6% árið 2010. Samkvæmt grunnsþánni helst þetta hlutfall undir 100% allt til ársins 2016.

### 7.3 *Skuldbindingar*

- 74) Eins og fram kemur í meðfylgjandi viðauka hafa íslensk stjórnvöld og Sjóvá skuldbundið sig til að virða vissar takmarkanir í tengslum við verðlagningu í váttryggingatilboðum til tiltekinna fyrirtækja, svo og bann við tilteknum tegundum fyrirtækjakaupa og auglýsingastarfsemi.
- 75) Þá hafa stjórnvöld á Íslandi skuldbundið sig til að gera vissar breytingar á lagaákvæðum sem varða starfsemi á váttryggingamarkaði, sjá nánar í viðauka.

## II. MAT

### 1. *Er um ríkisaðstoð að ræða?*

- 76) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:
- „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“
- 77) Í umfjöllun Eftirlitsstofnunar EFTA hér á eftir eru metnar eftirtaldar ráðstafanir, áður raktar í 18. mgr.:
1. Íslenska ríkið tók þátt í endurfjármögnun Sjóvár með því að yfirfæra til SAT eignarhaldsfélags tvö skuldabréf í sinni eigu. Andvirði þeirra var 11,6 milljarðar kr. (h.u.b. 76 milljónir evra) samkvæmt óvillhóllu sérfræðimati og voru þau notuð til þess að styrkja eiginfjárstöðu Sjóvár.
  2. Íslenska ríkið féllst einnig á að veð Glitnis í skuldabréfi Avant yrði fært af 4. veðrétti yfir á 3. veðrétt til þess að gera Glitni kleift að leggja Sjóvá til eiginfé. Sökum þess að andvirði skuldabréfs Avant minnkaði stórlega við dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 gerði ríkissjóður (með milligöngu ESÍ) samning um kaup á eignum 28. júlí 2010. ESÍ reiddi þannig af hendi viðbótarframlag að fjárhæð 683–739 milljónir kr. til þess að styrkja fjárhag Sjóvár með kaupum sínum á skuldabréfi Avant af SAT eignarhaldsfélagi fyrir 880 milljarða kr.
- 78) Ofangreindar ráðstafanir verða hér á eftir nefndar „endurfjármögnunarráðstafanirnar“.

### 1.1 *Gengið á ríkisfjármuni*

- 79) Rétt eins og fram kom í bráðabirgðaniðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja rannsókn er ljóst að ríkissjóður bar kostnaðinn af fyrri ráðstöfuninni til að fjármagna félagið.
- 80) Að því er síðari ráðstöfunina varðar kom greiðsla fyrir kaup ríkisins á skuldabréfi Avant af SAT eignarhaldsfélagi í kjölfarið einnig af ríkisfjármunum. Aukinn forgangur veðs Glitnis í skuldabréfi Avant dró jafnframt úr líkum á að ríkið fengi nokkrar greiðslur af bréfinu og minnkaði því virði þeirrar kröfu. Sú virðisminnkun varðaði því einnig ríkisfjármuni.
- 81) Eftirlitsstofnun EFTA ályktar þess vegna að ríkisfjármunir hafi komið við sögu í tengslum við báðar þær ráðstafanir sem gerðar voru til endurfjármögnunar Sjóvá.

### 1.2 *Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?*

- 82) Til þess að ráðstöfun geti talist ríkisaðstoð verður hún að fela í sér sértæka ívilnun sem nýtist ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara.
- 83) Markmiðið með endurfjármögnunarráðstöfununum var að tryggja að Sjóvá gæti fullnægt lögbundnum kröfum um lágmark eiginfjár og gera félaginu þannig kleift að halda áfram váttryggingastarfsemi sinni.
- 84) Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að ástæðan fyrir þátttöku ríkisins í endurfjármögnun váttryggingastarfsemi Sjóvár var sú að Glitnir og Íslandsbanki höfðu ekki yfir þeim fjármunum að ráða sem nauðsynlegir voru til þess að tryggja félaginu nægt eiginfé og enginn annar einkafjárfestir hafði lýst sig reiðubúinn til að gera það. Þetta rennir stöðum undir þá afstöðu

Eftirlitsstofnunar EFTA, sem fram kom í ákvörðuninni um að hefja rannsókn, að íslenska ríkið hafi ekki komið fram eins og einkafjárfestir þegar það tók þátt í endurfjármögnun Sjóvá.

- 85) Eftirlitsstofnun EFTA ályktar því að endurfjármögnunarráðstafanirnar hafi haft í för með sér ívilnun fyrir Sjóvá. Sú ívilnun er bersýnilega sértæk því að ráðstöfununum var aðeins ætlað að nýtast því félagi.
- 86) Ríkisaðstoðarþáttur þessara ráðstafana svarar til þess eiginfjár sem Sjóvá hefði ekki getað aflað sér án þátttöku ríkisins, þ.e. þeirra 11,6 milljarða kr. sem ríkissjóður lagði fram, auk viðbótarframlags ESÍ að fjárhæð 683–739 milljarða kr. samkvæmt samningnum um kaup á eignum frá 28. júlí 2010. Eftirlitsstofnun EFTA metur því andvirði aðstoðarþáttarins til 12,3 milljarða kr.

### **1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins**

- 87) Ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið til endurfjármögnunar Sjóvá, styrkja félagið í sessi gagnvart keppinautum (og hugsanlegum keppinautum) bæði á Íslandi og í öðrum EES-ríkjum. Eins og þegar hefur komið fram er Sjóvá fyrirtæki sem starfar á váttryggingamarkaði, en sá markaður er opinn fyrir milliríkjasamkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Enda þótt fjármálamarkaðir á Íslandi séu um þessar stundir starfræktir í fremur mikilli einangrun, einkum vegna fjármagnshaftanna, eru þeir enn vettvangur milliríkjaviðskipta á sviði váttrygginga, og slíkum viðskiptum mun vaxa fiskur um hrygg um leið og fjármagnshöftum verður aflétt. Umræddar ráðstafanir til endurfjármögnunar raska því samkeppni eða eru til þess fallnar að raska henni á þann hátt að þær hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. samningsins.

### **1.4 Niðurstaða að því er varðar hugsanlega ríkisaðstoð**

- 88) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ályktar Eftirlitsstofnun EFTA að endurfjármögnunarráðstafanirnar feli í sér ríkisaðstoð í þeirri merkingu sem það hugtak hefur í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## **2. Málsmeðferðarreglur**

- 89) Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“
- 90) Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA ekki endurfjármögnunarráðstafanirnar áður en þær komust til framkvæmda. Stofnunin ályktar því að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki virt skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3. Aðstoð samkvæmt þessum ráðstöfunum var því ólögmat.

## **3. Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?**

- 91) Áður en lengra er haldið tekur Eftirlitsstofnun EFTA fram að ekki er deilt um að Sjóvá hefði orðið gjaldþrota ef ekki hefði komið til afskipta ríkisins, enda hefði félagið þá ekki getað fullnægt lögbundinni eiginfjárkröfu. Sjóvá var því illa statt fyrirtæki á þeim tíma sem gripið var til fyrri endurfjármögnunarráðstöfunarinnar.
- 92) Þá vísar stofnunin til þeirra röksemda stjórnvalda á Íslandi að ráðstafanir, sem gerðar voru til endurfjármögnunar Sjóvá, falli undir undanþágu samkvæmt stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og fullnægi áskilnaði leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um endurskipulagningu.

### **3.1 Lagagrundvöllur mats á því hvort veitt aðstoð samrýmist gildandi reglum: ákvæði stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um endurskipulagningu**

- 93) Ríkisaðstoð við illa stödd fyrirtæki á borð við Sjóvá er að jafnaði metin með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkisaðstoð er þó einnig heimil með vísan til stafl. b) í sömu

málgrein ef tilgangurinn er sá að „ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“.

### 3.1.1 *Eiga hér við ákvæði stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?*

- 94) Eins og þegar hefur verið nefnt lögðu íslensk stjórnvöld fram fyrstu fjármunina sem nauðsynlegir voru til endurfjármögnunar Sjóvárs með samningi um kröfukaup frá 8. júlí 2009.
- 95) Á þeim tíma gætti áhrifa fjármálakreppunnar enn mikið í íslensku hagkerfi. Þar er helst að nefna að stóru viðskiptabankarnir höfðu verið teknir til slitameðferðar, ríkisstjórnin hafði tekið upp fjármagnshöft, verðbólga óx hröðum skrefum og Íslendingar höfðu séð sig nauðbeygða til að gangast undir aðhaldsáætlun sem var meðal skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir gerð samkomulags við sjóðinn og lánveitingu frá honum. Með vísan til þessara sérstöku aðstæðna varaði Fjármálaeftirlitið við því að það gæti haft alvarlegar afleiðingar í íslensku atvinnulífi og samfélagi ef Sjóvá yrði gjaldþrota og meðal annars væri hætta á kerfisáhrifum á fjármálamörkuðum <sup>(9)</sup>.
- 96) Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að þótt eitt fyrirtæki verði gjaldþrota eru líkurnar á að slíkt hafi kerfisáhrif að jafnaði minni í váttryggingageiranum en í bankageiranum. Í málinu, sem hér er til umfjöllunar, verður þó að meta áhrifin af hugsanlegu gjaldþroti Sjóvárs með hliðsjón af alvarlegri fjármála- og efnahagskreppu af því tagi sem reið yfir á Íslandi árin 2008–2009.
- 97) Eftirlitsstofnun EFTA er sammála þeirri greiningu stjórnvalda á Íslandi að meðan tiltrú á fjármálakerfinu hafi ekki verið endurvakin sé hugsanlegt að áhrif slíkrar kreppu yrðu ekki bundin við Sjóvá eða jafnvel ekki einu sinni fjármálakerfið í heild.
- 98) Stofnunin lítur því svo á að þátttaka ríkisins í endurfjármögnuninni, sem fram fór í júlí 2009, geti talist hafa þann tilgang að ráða bót á alvarlegri röskun í íslensku efnahagslífi.

### 3.1.2 *Beiting leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu*

- 99) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um endurskipulagningu er gerð grein fyrir reglum sem gilda um ríkisaðstoð í tengslum við endurskipulagningu fjármálafyrirtækja í yfirstandandi kreppu.
- 100) Í reglunum kemur fram að til þess að ráðstafanir geti talist samrýmanlegar stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verði eftirtalin markmið að nást þegar unnið er að endurskipulagningu fjármálastofnunar í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu:
- Að fyrirtækið sé gert rekstrarhæft á ný
  - Að eigið framlag aðstoðarþegans sé nógu stórt (dreifing útgjaldabyrða eðlileg)
  - Að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til þess að sporna við samkeppnisröskun
- 101) Mat Eftirlitsstofnunar EFTA hér á eftir tekur því til þess, með vísan til fyrirbyggjandi áætlunar um endurskipulagningu Sjóvárs, hvort þessum kröfum sé fullnægt og hvort aðstoðarráðstafanirnar, sem lýst hefur verið hér á undan, geti talist aðstoð til endurskipulagningar sem sé samrýmanleg gildandi reglum.

### 3.2 *Fyrirtækið gert rekstrarhæft á ný*

- 102) Orsakir þeirra erfiðleika Sjóvárs, sem leiddu til íhlutunar ríkisins, voru samkvæmt greiningu Eftirlitsstofnunar EFTA sem hér segir: i) óeðlileg fjárfestingastefna, ii) gallaðir stjórnarhættir og ófullnægjandi áhættustýring og iii) ónóg arðsemi váttryggingasamninga.
- 103) Í endurskipulagningaráætluninni er leitast við að bregðast við þessum orsökum erfiðleikanna, auk annarra áhættuþátta fyrirtækisins.

<sup>(9)</sup> Sjá minnisblað Fjármálaeftirlitsins dagsett 29. júní 2009.

3.2.1 *Mat á ráðstöfunum sem gerðar voru til endurskipulagningar – skilið milli váttryggingastarfseminnar og vinnu við að vinda ofan af eignasafni*

- 104) Með því að flytja váttryggingastarfsemi Sjóvár í nýtt félag var sá hluti rekstrarins losaður undan áhættu vegna eignasafnsins sem orðið hafði til við fjárfestingar árunna á undan. Með þessari ráðstöfun var Sjóvá gert kleift, að lokinni endurfjármögnun, að einbeita sér á ný að váttryggingastarfsemi.
- 105) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að eftir þennan tilflutning eigna búi Sjóvá ekki lengur við neina umtalsverða áhættu vegna fjárfestinga fyrri ára, enda hafa þær verið færðar í sérstakt félag og undið verður ofan af þeim þar.

3.2.2 *Mat á ráðstöfunum sem gerðar voru til endurskipulagningar – bættir stjórnarhættir og vandaðri áhættustýring*

- 106) Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að Sjóvá hefur fullnægt kröfum laga um váttryggingastarfsemi sem öðluðust gildi árið 2010, en með þeim voru hertar þær reglur sem gilda um stjórnarhætti og aðra tilhögun eftirlits. Þessar breytingar styrkja stjórnarhætti Sjóvár og gert er ráð fyrir margþættri handleiðslu Fjármálaeftirlitsins, meðal annars að því er varðar fjárfestingarstefnu.
- 107) Sjóvá hefur einnig komið sér upp áhættu- og greiningarsviði, sem hefur yfir umtalsverðum starfskröftum og fjármunum að ráða til að bæta áhættustýringu og rekstraryfirsýn, auk nefndar sem annast innra eftirlit. Þá hefur fyrirtækið mótað formlega stefnu á mikilvægustu sviðum rekstrarins, til að mynda að því er varðar verðlagningu í váttryggingartilboðum og fjárfestingarstefnu. Reglulegt eftirlit er viðhaft til þess að tryggja að starfsmenn fari eftir mótaðri stefnu.
- 108) Loks bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að nýr forstjóri og nýir stjórnarmenn tóku árið 2009 við af þeim sem fyrrverandi eigandi, Milestone, hafði skipað til starfa.
- 109) Stofnunin telur að ráðstafanirnar, sem hér hefur verið fjallað um, séu til þess fallnar að bæta úr vanköntum á stjórnarháttum og áhættustýringu sem stuðluðu að fjárhagserfiðleikum Sjóvár.

3.2.3 *Mat á ráðstöfunum sem gerðar voru til endurskipulagningar – ráðstafanir til þess að auka arðsemi*

- 110) Eftirlitsstofnun EFTA tekur mið af þeim ráðstöfunum sem Sjóvá hefur gert til þess að auka arðsemi, en þær snúa bæði að því að auka framlegð og draga úr kostnaði. Ráðstafanirnar hafa gert Sjóvá kleift að hækka samsett kostnaðarhlutfall sitt verulega og gera rekstur váttryggingastarfseminnar arðbæran. Samkvæmt endurskipulagningaráætluninni er stefnt að enn frekari arðsemisaukningu.
- 111) Eftirlitsstofnun EFTA telur að ráðstafanirnar muni leiða til þess að góð afkoma verði af váttryggingastarfsemi Sjóvár og að félagið þurfi minna að treysta á fjárfestingatekjur en áður var, en þannig opnast því leið til varfærnari fjárfestingarstefnu. Ráðstafanirnar ættu einnig að gera Sjóvá auðveldara að styrkja eiginfjárgrunn sinn, einkum þannig að hann standist betur áföll á borð við þau sem líkt er eftir í framlögðum lýsingum á hugsanlegum álagsaðstæðum.

3.2.4 *Mat á fjárhagsspám*

- 112) Eins og áskilið er í 13. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu hafa stjórnvöld á Íslandi lagt fram spár um þróun fjárhags fyrirtækisins, þ.e. bæði grunnspá og þrjár mismunandi spár sem miðast við álagsaðstæður.
- 113) Forsendur grunnfjárhagsspárinna, sem lýst er í endurskipulagningaráætluninni, einkennast af nægilegri varfærni og aðgát. Samkvæmt grunnspánni gæti hagnaður orðið af starfsemi Sjóvár og eiginfjárstaða félagsins styrkst öll árin sem áætlunin nær til. Áætlað er að arðsemi eiginfjár Sjóvár verði hér um bil [...] % við lok endurskipulagningartímans, og virðist það í góðu samræmi við núverandi kröfur markaðarins í þessari atvinnugrein. Samkvæmt áætluninni verður samsett kostnaðarhlutfall Sjóvár áfram undir 100%, en af því má ráða að rekstur váttryggingastarfseminnar verði áfram arðbær og að Sjóvá muni ekki reynast nauðsynlegt að fylgja óeðlilega áhættusamri fjárfestingarstefnu til þess að skila fullnægjandi afkomu.

- 114) Eftirlitsstofnun EFTA dregur ekki í efa að álagsforsendurnar miðist við nægilegt álag til þess að matið á gjaldþoli Sjóvár verði fullnægjandi. Samkvæmt fjárhagsspánum, sem gerðar eru í samræmi við þessar forsendur, yrði gjaldþol Sjóvár fullnægjandi allan tímann sem áætlunin nær til við allar þrennar álagsaðstæðurnar. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að það geri álagspröfunina enn traustari að hún miðast við þrennar mismunandi álagsaðstæður og nær til tímabils sem er lengra en sem nemur endurskipulagningartímanum. Hér er einkum að nefna að meðal annars er gert ráð fyrir langvarandi efnahagslægð og ýmsum öðrum álagsþáttum sem tengjast sérstaklega aðstæðum á Íslandi (t.d. fjármagnshöftum). Gjaldþolskröfum eftirlitsyfirvalda yrði fullnægt allan tímann sem áætlunin nær til við allar þrennar álagsaðstæðurnar.
- 115) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að spár um afkomu Sjóvár séu til merkis um að félagið muni verða rekstrarhæft á ný eins og áskilið er í leiðbeinandi reglum um endurskipulagningu. Þá bendir stofnunin á að einkarekna fjárfestingafélagið SF1 samþykkti að kaupa ráðandi hlut í Sjóvá af ríkissjóði. Vilji einkarekins fyrirtækis á markaði til að festa umtalsverða fjármuni í félaginu styrkir enn frekar ofangreinda niðurstöðu.

### 3.3 *Eigið framlag – dreifing útgjaldabyrða*

- 116) Í leiðbeinandi reglum um endurskipulagningu kemur fram að hæfilegt eigið framlag viðtakanda aðstoðar sé nauðsynleg forsenda þess að halda megi aðstoðinni í lágmarki og vinna gegn samkeppnisröskun og freistnivanda. Í þessum tilgangi verður í fyrsta lagi að halda aftur af kostnaði við endurskipulagninguna og í öðru lagi að takmarka aðstoðarfjárhæðina með þeim hætti að viðtakandi aðstoðarinnar inni af hendi umtalsvert eigið framlag.
- 117) Að því er varðar þörfina á að halda niðri útgjöldum vegna endurskipulagningar er tekið fram í 23. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu að aðstoð til endurskipulagningar skuli takmarkast við kostnað sem nauðsynlegt er að stofna til ef hlutaðeigandi félag á að verða rekstrarhæft á ný. Til þess að halda megi aðstoðinni í lágmarki verða fjármálafyrirtæki jafnframt fyrst að mæta kostnaði við endurskipulagningu með eigin fjármunum. Kostnaður af endurskipulagningunni á því ekki að leggjast eingöngu á ríkið heldur einnig á þá sem fjárfest hafa í fyrirtækinu, á þann hátt að þeir taki á sig tap með því að leggja fram fjármuni eftir föngum og inna af hendi hæfilegt endurgjald fyrir stuðning ríkisins.

#### 3.3.1 *Kostnaði við endurskipulagningu haldið niðri*

- 118) Endurfjármögnun Sjóvár var takmörkuð við það sem var nauðsynlegt til þess að fullnægja kröfum eftirlitsyfirvalda um lágmark eiginfjár, og framlag ríkissjóðs nam aðeins þeirri fjárhæð sem helstu kröfuhöfunum, Glitni og Íslandsbanka, reyndist ókleift að afla.
- 119) Með flutningi váttryggingastarfseminnar til nýs lögaðila var tryggt að endurfjármögnun takmarkaðist við það sem nauðsynlegt var til þess að halda rekstri þess hluta starfseminnar áfram, en nýttist ekki til þess að mæta tapi af fjárfestingum fyrri ára.
- 120) Með því að takmarka endurfjármögnun við nauðsynlegt lágmark var haldið aftur af samkeppnismætti Sjóvár á markaðnum. Þá er ekki stofnað til neinna útgjalda í tengslum við endurskipulagningaráætlunina í þeim tilgangi að vinna nýja markaði eða gera Sjóvá kleift að færa út kvíarnar á nokkurn hátt.
- 121) Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, er það skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að viðeigandi skref hafi verið stigin til þess að takmarka fjárhæð aðstoðarinnar sem veitt var til endurskipulagningar.

#### 3.3.2 *Dreifing útgjaldabyrða/eigið framlag*

- 122) Eins og tekið er fram í 24. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu eiga fyrirtæki að nota eigin fjármuni til að standa undir kostnaði við endurskipulagningu. Jafnframt því kannar Eftirlitsstofnun EFTA hvort hlutafjárukningin hafi orðið til þess að fjáreign hluthafanna sem fyrir voru þynntist út að einhverju eða öllu leyti.

- 123) Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að fyrrverandi eigendur Sjóvár hafa lagt sitt að mörkum við endurskipulagninguna. Þar ber einkum að nefna að þegar Glitnir leysti Sjóvá til sín missti Milestone allan eignarhlut sinn í félaginu án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir. Skráð tap fjárfesta verður enn meira þegar undið verður ofan af fjárfestingum fyrri ára, þ.e. eignasafninu sem nú er í höndum SJE. Með þessum ráðstöfunum er stuðlað að eðlilegri dreifingu útgjaldabyrða og dregið úr þeim freistnivanda sem aðstoðinni fylgir.
- 124) Að því er varðar eigið framlag Sjóvár til endurskipulagningarinnar bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að félagið hefur bæði gert ráðstafanir til þess að auka arðsemi rekstrarins og til að draga úr útgjöldum. Með þeim ráðstöfunum er félaginu tryggður nægur hagnaður til þess að eiginfjárgrunnur þess styrkist þegar fram í sækir. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að í endurskipulagningaráætluninni er ekki gert ráð fyrir arðgreiðslum fyrr en árið 2014.
- 125) Að síðustu ber að nefna að íslenska ríkinu tókst að selja einkafjárfesti allan hlut sinn í Sjóvá áður en þrjú ár voru liðin og endurheimta þannig nærri tvo þriðju þeirra fjármuna sem það reiddi fram sem ríkisaðstoð.
- 126) Með hliðsjón af þeim ráðstöfunum, sem hér hefur verið lýst, er það skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að í endurskipulagningaráætluninni sé mælt fyrir um nægilega dreifða útgjaldabyrði og fullnægjandi eigið framlag til endurskipulagningarinnar.

#### **3.4 Ráðstafanir til að hamla gegn samkeppnisröskun**

- 127) Í 31. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu kemur fram að við mat á aðstoðarfjárhæðinni og því hvaða samkeppnisröskunar megi vænta verði Eftirlitsstofnun EFTA bæði að líta til sjálfrar fjárhæðarinnar og þess hversu mikil ríkisaðstoðin er hlutfallslega.
- 128) Eins og þegar hefur komið fram nam ríkisaðstoðin, sem Sjóvá hlaut, alls um 12,3 milljörðum kr. (h.u.b. 77 milljónum evra). Um var að ræða tæplega 80% þess sem á vantaði að eiginfê félagsins væri fullnægjandi á þeim tíma sem fyrsta endurfjármögnunin átti sér stað. Af þessu má sjá að Sjóvá hlaut hlutfallslega mikla aðstoð. Þar við bætist að fyrirtækið hefði neyðst til að hætta starfsemi á markaðnum ef ríkið hefði ekki hlutast til um rekstur þess.
- 129) Með vísan til þessara atriða leit Eftirlitsstofnun EFTA fyrst til þess hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar á starfsskipulagi félagsins til þess að hamla gegn samkeppnisröskun. Stofnunin skoðaði einkum hugsanlega sölu líftryggingadeildar Sjóvár, en rekstur hennar er í höndum dótturfélagsins Sjóvá Líf.
- 130) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram ítarlegar upplýsingar til þess að sýna hversu mikilvæg líftryggingastarfsemi sé fyrir rekstrarhæfi Sjóvár. Þau lögðu einkum áherslu á að sú starfsemi væri veigamikill þáttur í tryggingaframboði Sjóvár, að viðskiptavinir sæktust eftir að kaupa almennar váttryggingar og líftryggingar í einu lagi og að helstu keppinautar félagsins á sviði almennra váttrygginga gætu boðið tryggingar sem kæmu til móts við slíka eftirspurn. Með vísan til þessa töldu stjórnvöld á Íslandi að Eftirlitsstofnun EFTA bæri að taka mið af þeirri reglu að ráðstafanir, sem gerðar eru til að sporna við samkeppnisröskun, skuli ekki vinna gegn því markmiði að gera hlutaðeigandi fyrirtæki rekstrarhæft á ný, sbr. 32. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu.
- 131) Með hliðsjón af ofangreindu er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að óheppilegt væri að krefjast þess að Sjóvá losaði sig við líftryggingadeild sína.
- 132) Ekki hafa verið gerðar ráðstafanir sem snúa að starfsskipulagi félagsins og því verður Eftirlitsstofnun EFTA að taka til skoðunar ráðstafanir sem varða fyrirhugaða starfsemi.
- 133) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að markaðshlutur Sjóvár hefur minnkað verulega frá upphafi fjármálakreppunnar. Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt sérstaka áherslu á að markaðshlutir hafi tekið breytingum vegna 30 daga „uppsagnartímabilsins“ í septembermánuði 2009, en þá gátu keppinautar Sjóvár gert öllum viðskiptavinum félagsins á sviði almennra váttrygginga tilboð í samkeppni við það. Stjórnvöld á Íslandi telja að með þeirri stjórnvaldsráðstöfun hafi verið brugðist við hugsanlegri samkeppnisröskun að nokkru leyti.

- 134) Eftirlitsstofnun EFTA bendir einnig á að í endurskipulagningaráætluninni er ekki gert ráð fyrir að Sjóvá muni sækja það fast að auka markaðshlut sinn, og að mótuð hefur verið ný stefna á sviði verðlagningar og áhættustýringar til þess að tryggja að Sjóvá miði tryggingatilboð sín jafnan við að nægilegur hagnaður verði af starfsemi.
- 135) Við þetta bætist að stjórnvöld á Íslandi og forsvarsmenn Sjóvár hafa skuldbundið sig til að virða, allt til loka endurskipulagningartímans, tilteknar takmarkanir að því er varðar verðlagningu í tryggingatilboðum til vissra fyrirtækja, sjá nánar í viðauka. Sú skuldbinding felur í sér enn frekari vissu fyrir því að Sjóvá muni ekki beita óvægnum aðferðum til að auka markaðshlut sinn, og missi félagið frá sér tryggingaviðskipti vegna þessarar skuldbindingar kemur það keppinautum þess til góða.
- 136) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að skuldbindingin tekur aðeins til vissra flokka váttryggingastarfsemi. Með hliðsjón af því að váttryggingamarkaðurinn á Íslandi einkennist af mikilli samþjöppun telur stofnunin hins vegar að strangari hömlur á verðlagningu gætu skert virka samkeppni og væru því óheppilegar.
- 137) Stofnunin lýsir ánægju með þá skuldbindingu stjórnvalda á Íslandi að gera vissar breytingar á lagaákvæðum sem varða starfsemi á váttryggingamarkaði, sjá nánar í viðauka. Með vísan til þess sem fram kemur í 44. og 45. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu myndu fyrirhugaðar breytingar efla virka samkeppni og jafnframt stuðla að opnari markaði og gera nýjum fyrirtækjum auðveldara að hefja þar starfsemi. Þær myndu einkum gera viðskiptavinum auðveldara að færa sig milli þjónustufyrirtækja og stuðla þannig að meiri samkeppni starfandi markaðsaðila.
- 138) Eins og áskilið er í 40. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu gengst Sjóvá undir bann við því að kaupa önnur félög allt til loka endurskipulagningartímans, sjá nánar í viðauka. Bannið við fyrirtækjakaupum felur í sér að Sjóvá getur ekki keypt umtalsverða eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum enda þótt félaginu sé heimilt að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum í litlum mæli ef þörf gerist.
- 139) Loks er þess að geta að stjórnendur Sjóvár hyggjast ekki vísa til aðstoðarinnar eða forskots, sem af henni kann að hljóta, í auglýsingaskyni.
- 140) Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar í tengslum við endurskipulagninguna til að hamlar gegn samkeppnisröskun og tryggja að ríkisaðstoðin verði ekki notuð þannig að hún bitni á keppinautum sem njóta ekki aðstoðar, sbr. 39. mgr. leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu.

#### 4. Niðurstaða

- 141) Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er að ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið í endurskipulagningarskyni, teljist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.
- 142) Það er einnig niðurstaða stofnunarinnar að stjórnvöld á Íslandi hafi komið aðstoðinni, sem um ræðir, til framkvæmda á ólögætum forsendum og í bága við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### 1. gr.

Ráðstafanir til endurskipulagningar Sjóvár fela í sér ríkisaðstoð, í þeirri merkingu sem það hugtak hefur í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

##### 2. gr.

Ríkisaðstoðin, sem Sjóvá hefur hlotið, telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, með þeim fyrirvara að virtar séu skuldbindingarnar sem lýst er í viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2013.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

*Forseti*

*Stjórnarmaður*

## VIÐAUKI

**Skuldbindingar að því er varðar starfsemi Sjóvá**

Stjórnvöld á Íslandi leggja fram eftirtaldar skuldbindingar að því er varðar Sjóvá:

1. Stjórnendur Sjóvá undirgangast þær hömlur á viðskiptatilboðum sínum að verð í tilboðum í váttryggingar sé ekki undir [...]. Viðskiptatilboð eru skilgreind sem tilboð sem taka til tryggingaviðskipta viðskiptavinarins í heild („viðskiptatilboð“).
  - Skuldbindingin gildir um viðskiptatilboð til fyrirtækja sem kaupa váttryggingar fyrir hærri fjárhæð en [...] kr. árlega.
  - Skuldbindingin gildir um viðskiptatilboð sem eru þess eðlis að tjónasaga samkvæmt tilboðsskjölum eða öðrum váttryggingagögnum tekur til greiddra og ógreiddra tjóna á að minnsta kosti [...] ára tímabili.
  - Við mat á tjónasögu er Sjóvá heimilt að sleppa í útreikningum sínum einstökum tjónum sem nema meira en [...] af fyrirhuguðu iðgjaldi til þess að ná fram jafnari og stöðugri niðurstöðu við útreikning á tölfræðilegu tapi.
2. Stjórnendur Sjóvá skuldbinda sig til að innheimta sömu eða hærri iðgjöld við endurnýjun einstakra váttryggingasamninga ef tjónasaga (útreiknað tjónahlutfall) nemur hærra hlutfalli af iðgjöldum en [...]%.
  - Skuldbindingin gildir um endurnýjun váttryggingasamninga fyrirtækja, en tjónasaga verður að taka til lengri tíma en [...] ára.
  - Við mat á tjónasögu er Sjóvá heimilt að reikna hámarkstjón sem fasta fjárhæð, eða [...]. Tilgangurinn er að ná fram jafnari og stöðugri niðurstöðu við útreikning á tölfræðilegu tapi.
3. Stjórnendur Sjóvá hyggjast ekki kaupa stærri hlut en [...]% í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum (sbr. skilgreiningar í tilskipun 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga), váttryggingafélögum eða endurtryggingafélögum. Kaup á öðrum fyrirtækjum eru heimil að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, einkum ef slíkt telst nauðsynlegt til þess að standa vörð um fjármálastöðugleika eða tryggja virka samkeppni.
4. Stjórnendur Sjóvá hyggjast ekki vísa til endurfjármögnunarinnar eða samkeppnisforskots, sem af henni kann að hljóta, í auglýsingaskyni.

Þessar skuldbindingar halda gildi sínu til 31. desember 2014.

**Skuldbinding um opinbert eftirlit**

Til þess að auka svigrúm íslenskra neytenda til að flytja viðskipti sín milli váttryggingafélaga gangast stjórnvöld á Íslandi undir eftirtalda skuldbindingu:

- Á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins verður skipaður starfshópur sérfræðinga sem falin verður endurskoðun þeirra ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga sem lúta að heimild viðskiptavina váttryggingafélaga til að flytja viðskipti sín þeirra í milli, einkum með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið nýlega á norskum lögum um váttryggingasamninga – sem voru notuð sem fyrirmynd íslensku laganna – og dönskum lögum um fjármálastarfsemi. Starfshópurinn á að skila niðurstöðu eigi síðar en 31. desember 2013 og er verkefni hans að taka til skoðunar hugsanlegar afleiðingar þess að breytingar verði gerðar á ákvæðum um uppsögn einstaklinga á váttryggingasamningum þegar þeir flytja viðskipti sín milli váttryggingafélaga, í þeim tilgangi að auðvelda viðskiptamönnum slíkan flutning og ýta undir samkeppni á váttryggingamarkaði.
- Verði niðurstaða starfshópsins sú að slík ákvæði yrðu til bóta fyrir starfsemi á íslenskum váttryggingamarkaði á hann að afhenda fjármála- og efnahagsráðherra frumvarp til breytinga á lögum um váttryggingasamninga. Ráðuneytið er hlynnt því að unnið sé að breytingum til þess að auka enn frekar svigrúm neytenda til að flytja viðskipti sín milli váttryggingafélaga. Þegar niðurstöður starfshópsins hafa borist hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi, á árinu 2014, frumvarp til laga sem byggt verður á niðurstöðum hópsins.

**Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tiltekni flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))**

2014/EES/46/02

## I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 4/2014/R&D	
EFTA-ríki	Noregur	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti Póstfang Vefsetur	Buskerud fylkeskommune (Stjórnvöld í Buskerudfylki) Postboks 3563 NO-3007 Drammen Norge <a href="http://www.bfk.no">www.bfk.no</a>
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Aðstoð við þekkingar- og fyrirtækjaklasa héraðsins á sviði beinþynningar	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	Bréflæg skuldbinding Buskerudfylkis til Papirbredden Innovasjon AS, dagsett frá 20. mars 2014	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	Fundargerð U 27.11.2013, PS 13/81 (Mál 2013/871) – Úthlutun fjármagns úr byggðaprúnarsjóðum til Drammen-héraðs 2013 – Frekari samskipti við Drammen-hérað <sup>(1)</sup> <a href="http://www.bfk.no/Politikk-1/Motekalender/Fylkesutvalget/#moter/2013/569">http://www.bfk.no/Politikk-1/Motekalender/Fylkesutvalget/#moter/2013/569</a>	
Tegund aðstoðar	Sérákvæðin aðstoð	Papirbredden Innovasjon AS
Úthlutunardagur	Sérákvæðin aðstoð	20.3.2014
Hlutgengar atvinnugreinar	Takmarkað við tiltekna greinar – Tilgreina skal nánar í samræmi við NACE 2. endursk.	NACE 70.220
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	X
Fjárveiting	Heildarfjárveiting sérákvæðinnar aðstoðar sem fyrirtækinu er úthlutað	0,150 milljónir NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	X

## II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)		Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð til rannsóknna, þróunar og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð vegna rannsóknna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Grunnrannsóknir (stafl. a) í 2. mgr. 31. gr.)	... %	
		Iðnrannsóknir (stafl. b) í 2. mgr. 31. gr.)	... %	
		Þróunarstarf (stafl. c) í 2. mgr. 31. gr.)	25%	35%

(1) Á norsku: „Moteprotokoll U 27.11.2013, PS 13/81 (Arkivsak 2013/871) - Tildeling av regionale utviklingsmidler til Drammensregionen 2013 – Videre samhandling med Drammensregionen“

**Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))**

2014/EES/46/03

## I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 5/2014/R&D	
EFTA-ríki	Noregur	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti Póstfang Vefsetur	Buskerud fylkeskommune (Stjórnvöld í Buskerudfylki) Postboks 3563 NO-3007 Drammen Norge <a href="http://www.bfk.no">www.bfk.no</a>
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Stofnun klasa fyrir fyrirtæki í skapandi greinum	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	Bréflæg skuldbinding Buskerudfylkis til Papirbredden Innovasjon AS frá 21. febrúar 2014	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	<a href="http://www.bfk.no/Politikk-1/Motekalender/Hovedutvalget-for-regionalutvikling-og-kultur/#moter/2013/530">http://www.bfk.no/Politikk-1/Motekalender/Hovedutvalget-for-regionalutvikling-og-kultur/#moter/2013/530</a> „PS 13/97 (09/300) Umsókn um aðstoð vegna stofnunar klasa fyrir fyrirtæki í skapandi greinum“ <sup>(1)</sup>	
Tegund aðstoðar	Sérákveðin aðstoð	Papirbredden Innovasjon AS
Úthlutunardagur	Sérákveðin aðstoð	21.2.2014
Hlutgengar atvinnugreinar	Takmarkað við tilteknar greinar – Tilgreina skal nánar í samræmi við NACE 2. endursk.	NACE 70.220
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	X
Fjárveiting	Heildarfjárveiting sérákveðinnar aðstoðar sem fyrirtækinu er úthlutað	0,4 milljónir NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	X

## II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)		Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð til rannsóknna, þróunar og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð til rannsóknna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Þróunarstarf (stafl. c) í 2. mgr. 31. gr.)	25%	20%

<sup>(1)</sup> Á norsku: „PS 13/97 (09/300) Søknad om prosjektstøtte til etablering av næringsklynge for kreative næringer“.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7288 – Viacom/Channel 5 Broadcasting)**

**2014/EES/46/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Viacom Inc. („Viacom“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Channel 5 Broadcasting Limited („Channel 5“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Viacom: framleiðir skemmtiefni um heim allan
  - Channel 5: útvarpsrekandi sem sinnir almannáþjónustu í Bretlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 258, 8. ágúst 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7288 – Viacom/Channel 5 Broadcasting, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7291 – Versalis/Novamont)**

2014/EES/46/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. ágúst 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítölsku fyrirtækin Versalis S.p.A. („Versalis“), sem lýtur yfirráðum hins ítalska ENI S.p.A. („ENI“), og Novamont S.p.A. („Novamont“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Versalis: framleiðsla og markaðssetning á fjölbreyttum jarðolíuvörum, svo og sala á leyfum sem tengjast þekkingu fyrirtækisins og verkunnáttu. Versalis er dótturfélag í einkaeigu ENI, fjölþjóðlegs ítalsks fyrirtækis á sviði olíu- og gasvinnslu, sem rekur fyrirtæki á fjölda sviða, m.a. kjarnorku, orku, iðefna, plasts og olíuhreinsunar
  - Novamont: ítalskt fyrirtæki sem framleiðir lífrænt plastefni sem byggist á lífrænum vörum og lífnidurbrotanlegum fjölliðum sem eru að öllu leyti eða að hluta fengnar frá endurnýjanlegum auðlindum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 260, 9. ágúst 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7291 – Versalis/Novamont, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7316 – Det Norske Oljeselskap/Marathon Oil Norge)**

2014/EES/46/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. ágúst 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið Det Norske Oljeselskap ASA („Det Norske“), sem lýtur endanlegum yfirláðum norska fyrirtækisins Aker ASA („Aker“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í norska fyrirtækinu Marathon Oil Norge AS („Marathon“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Det Norske: leit og framleiðsla á olíu og gasi á norska landgrunninu. Det Norske lýtur endanlegum yfirláðum Aker sem framleiðir og selur, fyrir milligöngu dótturfélaga sinna Aker Solutions ASA, Kværner ASA og Align AS, sérhæfðan búnað til leitar- og framleiðslufyrirtækja um heim allan, ásamt því að veita leitar- og framleiðslufyrirtækjum rekstrar- og viðhaldsþjónustu, einkum í Norðursjó
  - Marathon: leit og framleiðsla á olíu og gasi á norska landgrunninu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 262, 12. ágúst 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7316 – Det Norske Oljeselskap/Marathon Oil Norge, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7332 – BSkyB/Sky Deutschland/Sky Italia)**

2014/EES/46/07

